

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Svalbarðsstrandarhreppi.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Svalbarðsstrandarhreppi skal húseigandi greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 671/2003, um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar á Norðurlandi eystra að undanskildum Húsavíkurbæ.

2. gr.

Rotþróargjald skal vera kr. 8.000 fyrir þrær undir 1.800 l að rúmmáli, kr. 11.000 fyrir 1.801 l til 3.600 l þrær, kr. 14.500 fyrir 3.601 l til 6.000 l þrær, kr. 20.000 fyrir 6.001 l til 9.000 l þrær og kr. 37.500 fyrir 9.001 l til 20.000 l þrær. Gjaldið miðast við að hreinsun og tæming rotþróa sé á þriggja ára fresti. Gjaldið tekur breytingum skv. byggingarvísitölu. Gjaldið miðast við vísitölu nóvembermánaðar árið á undan. Byggingarvísitala í nóvember 2008 er 463,8 stig. Þar sem fleiri en einn aðili tengist rotþró er gjaldinu skipt á milli aðila. Einnig tekur gjaldið hlutfallslegum breytingum ef hreinsun og tæming rotþróa er tíðari en á þriggja ára fresti.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin og samþykkt var af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 18. desember 2008, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hreinsun og losun rotþróa í Svalbarðsstrandarhreppi nr. 223/2005.

F.h. sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps, 6. janúar 2009,

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. janúar 2009